

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76, 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 30. janúar 1975.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

5. febrúar 1975.

Nr. 37.

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Matthildar Sveinsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. febrúar 1975.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Matthildar Sveinsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Matthildar Sveinsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt fyrirætlum í erfðaskrá Matthildar Sveinsdóttur, Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík, dags. 29. febrúar 1972.

3. gr.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 100 000.00, er lagt skal fram af eigum dánarbús Matthildar Sveinsdóttur. Söluandvirði íbúðar dánarbúsins að Bræðraborgarstíg 55, Reykjavík skal lagt við höfuðstól sjóðsins, þegar hún verður seld svo og aðrar eigur er kynnu að verða eftir, að loknum endanlegum skiptum dánarbúsins.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka á Akranesi og þar skal sparisjóðsbókin geymd, eða í ríkistrygðum verðbréfum.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja eldri konur, ógiftar eða einstæðar á Akranesi til að geta búið út af fyrir sig, eða til að greiða mismun þann, sem þarf til að geta búið í eins manns herbergi á elliheimili.

Komi það fyrir, að ekki sé þörf fyrir styrkinn handa slíkri konu eða konum, má nota hann til hjálpar blindum, eða lömuðum og fötluðum á Akranesi.

6. gr.

Árlega má nota  $\frac{4}{5}$  hluta vaxta sjóðsins, en  $\frac{1}{5}$  hluti vaxta skal ætíð leggjast við höfuðstól sjóðsins. Sé sjóðurinn ekki það stór, að að gagni megi koma, verður hann að vera óhreyfður á vöxtum, þar til að gagni megi koma.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum: Presti þjóðkirkjunnar á Akranesi (aðalprestinum, ef fleiri eru en einn), Sturlaugi Böðvarssyni, systursyni Matthildar, eða að honum látnum, elsta afkomanda hans, karli eða konu, búsettum á Akranesi, og þriðji aðili skal tilnefndur af þessum tveimur og skal hann vera úr stjórn Kvenfélags Akraness, I. O. G. T. á Akranesi eða öðru líknarfélagi á staðnum. Sjóðstjórnin ákveður hverju sinni úthlutun úr sjóðnum.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa á hendi reikningsskil hans og sömuleiðis halda gjörðabók um úthlutanir.

## 9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á þessari skipulagsskrá.

Reykjavík, 30. janúar 1975.

f. h. sjóðstjórnar

Benedikt Sveinsson, hrl.

## GJALDSKRÁ

## Rafveitu Patrekshrepps.

## TAFLA I. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárlíða með skýringum	Orkuverð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr.		Númer á mælal.
			Daggreiðslur	Ársgr.	
<b>A — LÝSING</b>					
1.1.	án fastagjalds	26,30			0 1
1.2.	með fastagjaldi	10,65	0,20/m <sup>2</sup>	73	0 1
1.3.	Götur og Patrekshöfn	7,05			0 3
<b>B — HEIMILI</b>					
2.1.	með fastagjaldi	6,50	2,45/herbergi	895	0 1
2.2.	— 3 —	2,50	0,78/amper	285	0 1
2.3.	— / —	1,40	1,56/amper	888	0 3
2.3.	— / —	0,87	3,12/amper	1.339	0 3
<b>C — IDNADUR OG VERSLUN</b>					
3.1.	smávélar	10,65			0 2
3.2.	stór notkun	2,12	18,65/kW (C 9)	6.807	0 4
<b>D — HITUN</b>					
4.1.	án rofs	3,45			0 1
4.2.	með rofi, 2 kl/á dag	2,40			0 3
4.3.	með rofi, 3 kl/á dag	1,40			0 3
4.3.	með rofi, 14 kl/á dag	0,87			0 3
<b>F — ANNAD</b>					
5.1.	Sérsamningar				
5.2.	Lokun og endurofnun veitu, útsending lokunarmanns	538,00	á reikning		
<b>MÆLALEIGUR</b>					
0 1	Einfasa almenn án stjórn.		2,60/mælingu	950	
0 2	Einfasa með stjórn tækjum og þrífasa án stjórn.		4,10/mælingu	1.500	
0 3	Þriggja fasa m/stjórn.		8,15/mælingu	2.975	
0 4	Þriggja fasa m/aflmælingu		15,45/mælingu	5.340	